

Með hliðsjón af þessum ferli ákærða og af 77. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Árnason, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 145/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Elíasi Bjarna Jóhannssyni

(Sveinn Snorrason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um nytjastuld og ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Eins og í ákæru og héraðsdómi greinir, er ákærði í máli þessu sakaður um að hafa hinn 18. nóvember 1967 að kvöldi, er dimmt var orðið, heimildarlaust og ölvður tekið bifreiðina R 22342, þar sem hún stóð mannlauus við húsið Laugarnesveg 81 í Reykjavík með lykil í kveikjúlás, ekið henni á kyrrstæða bifreið þar í grennd og síðan inn á Laugalæk. Er nefndri bifreið var ekið frá Laugarnesvegi 81 með greindum hætti, þar þar að í bifreiðinni R 21933 þá Guðlaug Þór Þorsteinsson húsgagnasmíðanema og Jón Snorrason verkamann. Héldu þeir af þessu efni á lög-reglustöðina og tilkynntu atburð þenna þar kl. 1825. Í hin-

um áfrýjaða dómi eru raktar skýrslur þeirra, þær er þá voru fram komnar.

Hinn 21. nóvember 1967 er í skýrslu Hellerts Jóhannessonar lögreglumanns skráð þetta:

„Þá mættu á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Jón Snorrason og Guðlaugur Þorsteinsson, sem eru vitni í máli þessu.

Kváðust þeir hafa séð ökumann bifreiðarinnar R 22342, er hann var undir stýri bifreiðarinnar í akstri sínum frá húsinu Laugarnesvegur 81 og á kyrrstæðu bifreiðina.

Vitnunum voru sýndar þrjár myndir, og þar á meðal var mynd af meintum ökumanni R 22342, Elíasi Bjarna Jóhannssyni, Laugarnesvegi 81, og bentu vitnin strax og óhikandi á myndina af nefndum Elíasi og kváðu hann hafa verið ökumann R 22342, þegar óhappið skeði.

Vitnin kváðust ekki vita nafn ökumannsins né þekkja hann að öðru leyti“.

Hinn 4. nóvember 1968 komu vitni þessi fyrir dóm af nýju, en þau voru einu sjónarvottar að akstri bifreiðarinnar R 22342, þeim sem mál þetta er af risið, svo vitað sé. Vitnið Guðlaugur Þór var um það spurt, „hvernig því hefði verið hagað, er það var beðið að reyna að þekkja ökumann R 22342 af mynd“. Taldi vitnið þetta hafa farið þannig fram, að fyrir það og Jón Snorrason hefðu verið lögð þrjú ökuskirteini með myndum eigenda þeirra, og hafði vitnið „bent á eina af þessum myndum sem líklegasta til að vera af ökumanninum. Þrátt fyrir það kveðst vitnið ekki alveg geta fullyrt, að hér hafi verið um ökumanninn að ræða. Vitnið kveðst hafa byggt ábendingu sína einkum á aldri mannsins og á hári hans“. Jón Snorrason bar m. a. á þessa leið: „Vitnið segir, að þrjú ökuskirteini hafi verið lögð fyrir Guðlaug og vitnið samtímis. Vitnið kveðst hafa bent á eina myndina, enda verið öruggt um, að hún væri af manninum, sem það sá í bifreiðinni“. Mynd sú, sem vitnin bentu á, var í ökuskirteini ákærða, eins og áður getur. Skýrslur greindra vitna, sem bæði hafa staðfest vætti sitt með eiði, hníga þannig að því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni. Annað vitnið fullyrti þó ekki, að um-

rædd mynd væri af ökuþmanni bifreiðarinnar, en hitt vitnið taldi öruggt, að svo hefði verið. Sönnunargildi vættis þessara vitna rýrir hins vegar aðferð sú, sem notuð var til prófunar því, hvort ákærði væri maður sá, er þau höfðu séð aka bifreiðinni, enda er hún brýnt brot á ákvæðum 2. mgr. 2. tl. 35. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961. En eftir nefndu ákvæði bar að haga prófuninni þannig, að hvoru vitninu um sig væri sýndur ákærði í hópi manna, sem það þekkti ekki áður og allir væru líkt á sig komnir sem ákærði. Samkvæmt skýrslum málsins virðast og myndirnar hafa verið lagðar fyrir vitnin saman og umsögn þeirra um myndirnar fengin í viðurvist hvort annars, en slík prófun vitna er andstæð upphafsákvæði 3. mgr. 102. gr. sömu laga.

Þegar virt er það, sem nú var rakið, svo og önnur sakargögn, sem lýst er í héraðsdómi, þykja ákæruatriði málsins eigi sönnuð á hendur ákærða. Verður honum því dæmd sýkna og allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, kr. 6.000.00, og laun verjanda hans hér fyrir dómi, kr. 8.000.00.

Það athugast, að fingrafara var ekki leitað í bifreiðinni R 22342.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Bjarni Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00, og laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1968.

Ár 1968, mánudaginn 1. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr.223/1968:

Ákærvaldið gegn Elíasi Bjarna Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 26. febrúar 1968, höfðað á hendur Elíasi Bjarna Jóhannssyni sjómanni, Laugarnesvegi 81, Reykjavík, fæddum 20. september 1948 í Reykjavík, fyrir að hafa laugardaginn 18. nóvember 1967 heimildarlaust tekið bifreiðina R 22342 og undir áhrifum áfengis ekið henni frá Laugarnesvegi 81 aftur á bak út á nefnda götu án nægilegrar aðgæzlu, þannig að bifreið hans rakst á bifreiðina R 21979, er stóð mannláus utan við aðurnefnt hús, síðan brott af vettvangi án þess að sinna um ákeyrslua, unz hann skildi við bifreiðina á Laugalæk.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr. og 4. mgr. 46. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1967 1/3 í Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 28. nóvember 1966.

1967 15/12 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 18. nóvember 1967 klukkan 1825 var lögreglu tilkynnt, að bifreiðinni R 22342 hefði þá litlu fyrr verið ekið á kyrrstæða bifreið, R 21979, á móts við húsið Laugarnesveg 81 hér í borg, en síðan á brott af vettvangi. Töldu tilkynnendur, að öku- maður hefði verið ölvaður. Lögreglan fór á staðinn, og kom í ljós, að nýlega hafði verið ekið á afturhöggvara, ljós og bretti bifreiðarinnar R 21979, sem stóð mannláus andspænis húsinu Laugarnesvegi 81. Klukkan 1902 fann lögreglan bifreiðina R 22342 á Laugalæk móts við Júpiter og Marz, en hjá því fyrirtæki vann ákærði á þessum tíma. Var bifreiðin mannláus, opin, biðljós tendruð, lyklar í kveikjulási og vél vel heit. Lögreglan frétti, að um sama leyti og áreksturinn varð, hefði ákærði, sem býr að Laugarnesvegi 81, farið að heiman áberandi ölvaður, og beindist því grunur hennar að honum. Handtók lögreglan ákærða laust eftir klukkan

1900 í stigagöngum hússins nr. 81 við Laugarnesveg, og virtist hann þá nýlega kominn inn í húsið, þar sem hann var blautur og kaldur. Lögreglu sýdist ákærði áberandi ölvaður, og talaði hann um, að hann hefði ekið nefndri bifreið út í skurð, en vissi ekki hvar. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra kvaðst ákærði ekki geta gert sér grein fyrir, að hann hefði ekið bifreið þá rétt áður, en minnti það þó. Hann viðurkenndi að finna vel til áhrifa áfengis, en gat ekki eða kvaðst ekki muna nánar um ferðir sínar. Eigandi bifreiðarinnar R 22342 kvaðst hafa skilið hana eftir á móts við Laugarnesveg 81 klukkan um 1800 og lykillinn þá staðið í kveikjulás hennar. Hann kvað bifreiðina hafa verið tekna í algeru heimildarleysi.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði komið í land af togaranum Júpiter um klukkan 2300 föstudagskvöldið 17. nóvember 1967, litlu síðar tekið til að neyta áfengis, og þar hann fyrir sig algeru minnisleysi um atburði eftir klukkan 1400 næsta laugardag og þar til hann var kominn á lögreglustöðina.

Vitnið Snæbjörn Aðalsteinsson lögreglumaður, Hraunbæ 128 hér í borg, kvaðst hafa handtekið ákærða greint sinn, hann þá auglýsilega verið mjög ölvaður og nýkominn inn í húsið, þar sem hann var blautur og kaldur. Vitnið sagði, að ákærði hefði ýmist jatað akstri bifreiðarinnar eða borið fyrir sig algeru minnisleysi um það, sem gerzt hafði.

Vitnið Magnús Einarsson lögregluvarðstjóri, Mávahlíð 3 hér í borg, kvað ákærða greinilega hafa verið undir áhrifum áfengis og ýmist jatað að hafa ekið bifreiðinni eða borið fyrir sig minnisleysi.

Vitnið Guðlaugur Þór Þorsteinsson iðnaðarmaður, Vesturgötu 57 A, Reykjavík, kvaðst hafa séð bifreiðinni R 22342 ekið aftur á bak úr innakstri húss við Laugarnesveg út á akbrautina, en vitnið mundi ekki númer hússins. Bifreiðin stöðvaðist á miðri götu, þar sem á vél hennar mun hafa drepizt, en síðan var henni að nýju ekið aftur á bak og á kyrrstæða bifreið, sem þarna var, og kastaðist sú bifreið upp að gangstéttinni. Vitnið sagði, að öku- maður bifreiðarinnar R 22342, sem því virtist ölvaður, hefði verið einn í henni og þegar ekið brott af árekstrarstað. Vitninu voru hjá rannsóknarlögreglu sýndar þrjár myndir af þrem mönnum og benti þar á mynd af ákærða sem öikumanni bifreiðarinnar.

Vitnið Jón Snorrason verkamaður, Skipasundi 1 hér í borg, sagði, að bifreiðinni R 22342 hefði skyndilega verið ekið aftur

á bak frá húsi nr. 81 við Laugarnesveg og lokað götunni, en vitnið átti leið um hana í sama mund. Vél bifreiðarinnar hafði stöðvazt, en ökumaður, sem hallaðist fram á stýrið, reyndi að ræsa hana nokkrum sinnum, kom henni í gang, og rykktest bifreiðin þá aftur á bak og hafnaði á kyrrstæðri bifreið, sem kastaðist til við áreksturinn, en R 22342 var ekið brott á miklum hraða. Vitnið taldi, að ökumaður hefði verið undir áhrifum áfengis. Það kvaðst hafa sett á sig útlit hans, þar sem hann ók á brott af árekstrarstað, og þekkti það ákærða úr hópi þriggja mynda, sem honum voru sýndar á skrifstofu rannsóknarlögreglu.

Í blóði ákærða reyndust vera reducerandi efni, sem samsvara 2.00% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar, með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, með vættum vitnanna Guðlaugs Þórs Þorsteinssonar og Jóns Snorrasonar og að öðru leyti með vísan til gagna málsins telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem rakin er í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 45 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, krónur 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Bjarni Jóhannsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.